

| | | | |
|---------------------|-----------------------|-------------------------|----------------------------|
| Dags eftirlits | 7.5.2018 | Ábyrgðarmaður eftirlits | Einar Halldórsson |
| Fyrirtæki | PCC BakkiSilicon hf. | Eftirlitsmaður | Guðbjörg Stella Árnadóttir |
| Heimili | Valholtsvegur 3 | Tegund eftirlits | Reglubundið fyrra eftirlit |
| Kennitala | 4500612-0140 | Flokkur | Kísilverksmiðja |
| Fulltrúi fyrirtækis | Erlingur E. Jónasson | ÍSAT nr. | 09.90.0 |
| Fulltrúi fyrirtækis | Elma Sif Einarsdóttir | Staðsetning | |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í fyrra reglubundna eftirlit ársins hjá PCC á Bakka. Eitt frávik kom fram er varðar takmörkun aðgangs að svæðinu.

UMFANG EFTIRLITS

2.3 Samskipti og samráð

Rætt var um fyrirkomulag samráðsfundar og opins kynningarfundar sem þarf að fara fram einu sinni ári skv. starfsleyfi. Miðað er við að hafa samráðsfund næstsíðustu vikuna í ágúst og kynningarfund u.þ.b. tveimur vikum seinna. Rekstraraðili skal boða samráðsfund en Umhverfisstofnun boðar kynningarfundinn.

2.4 Verkstjórn og takmörkun aðgangs

Til að takmarka aðgang að svæðinu er girðing allan hringinn í kringum lóðina og er vaktað allan sólarhringinn ásamt myndavélakerfi. Við inngang að verksmiðjulóð vantar þó hlið til að loka svæðið alveg af en skv. rekstraraðila er ráðgert að það verði sett upp seinna í sumar. Í gr. 2.4 er tekið fram að vinnusvæði, geymsla hráefna og framleiðsluvöru skulu vera lokað eða afgirt og óviðkomandi bannaður aðgangur.

2.5 Umhverfisstjórnunarkerfi

Rætt var um umhverfisstjórnunarkerfi sem er eitt af áhersluatriðum teymis mengunareftirlits hjá stofnuninni fyrir þetta ár. Unnið verður eftir umhverfisstjórnunarkerfinu ISO 14001 en vottun frestast um þá mánuði sem gangsetning frestaðist og er nú miðað við mitt næsta ár.

3. Helstu rykupsrettur og reykhreinsivirki

Farið var yfir helstu rykupsrettur og staðsetningu reykhreinsivirkja. Helstu rykupsreppur eru eins gert er ráð fyrir í mæliáætlun, hráefnismeðhöndlun, útblástur frá ofnum eftir hreinsivirki, frá aftöppun útsteypun og málmhreinsun í steypuskála ásamt mólun og pökkun. Þrjú megin reykhreinsivirki eru frá ofnum, við mólun og pökkun og frá hráefnismeðhöndlun. Sísmælingar á ryki eru í öllum reykhreinsivirkjum.

3.14 Almenn um úrgang

Stefnt er að 98-99% endurnýtingu á endurvinnanlegum úrgangi frá verksmiðjunni. Stærstu úrgangshlutarnir verða þá deiglubrot eftir hreinsun á deiglum og ryk frá hráefnismeðhöndlun. Þar sem rykið frá hráefnismeðhöndlun inniheldur kol er það ekki nýtanlegt líkt og annað ryk frá verksmiðjunni. Einnig var talað um ákvæði í gr. 3.15 en ef efni uppyllir ekki kröfur kaupanda verður að vera svigrúm til förgunar.

3.17 Annar úrgangur

Rætt var um annan úrgang og spurt sér í lagi um síupoka eftir ræsingu og hvort búið væru að finna þeim farveg. Ekki er víst að þurfi að skipta um alla pokana en þeir eru um 1920 talsins. Pokarnir eru úr glertrefjum og vega samtals um 1,4 tonn. Ekki er búið að finna pokunum farveg en skv. rekstraraðila þá er það í vinnslu.

3.21 Efnanotkun, öryggisblöð og skiptireglan

Gefinn var upp tengiliður hjá Umhverfisstofnun vegna REACH og spurt út í öryggisblöð hjá rekstraraðila. Notast er við miðlægan gagnagrunn sem starfsmenn geta farið inn á og nálgast öryggisblöð og upplýsingar um efni. Öryggisblöð eru einnig útprentuð þar sem við á.

4.2 Vöktunarmælingar

Farið var yfir niðurstöður bakgrunnsmælinga en stofnunin hafði ekki sérstakar athugasemdir varðandi niðurstöður þeirra.

Önnur mál

Rætt var um seinkunartíma á gangsetningu og skv. rekstraraðila verður byrjað að mata inn hráefni eftir 1-2 daga. Lyktarvandamál hafa ekki verið til staðar en lykt má finna í ofnhúsinu sjálfu sem skv. rekstraraðila er líklega af bökun fóðringana og mun hverfa þegar því ferli er lokið.

Í lokin var farið í skoðunarferð um svæðið og farið í stjórnstöð ofnhússins, eftirlitsmenn könnuðu stöðu rykmælinga og annarra breyta í tölvukerfi verksmiðjunnar. Lykt af fóðringunum mátti finna í ofnhúsi og vægur keimur fyrir utan ofnhúsið. Lykt frá ofninum var ekki að finna annarsstaðar á lóðinni né fyrir utan verksmiðjulóðina.

Frávik frá

grein 2.4 - Verkstjórn og takmörkun aðgangs

Lýsing á fráviki

Ekki er búið að girða af fyrir allt svæðið en hlið vantar við inngang að verksmiðjulóð. Vaktmaður sem á að vera inngang var ekki viðstaddur við lok eftirlits og var því takmörkun aðgangs ábótavant.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 13.06.2018


Einar Halldórsson